

**2013**

**Ársskýrsla  
Lögreglustjórans á  
Vestfjörðum**



# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	3
<b>2. SKIPURIT</b> .....	4
<b>3. LÖGREGLUEMBÆTTIÐ</b> .....	4
3.1 Áherslur, starfsmannahald og endurmenntun .....	4
3.2 Tæki og búnaður .....	7
3.3 Önnur mál .....	8
<b>4. ALMENN DEILD</b> .....	8
4.1 Almannaþingin .....	9
4.2 Umferðarmál .....	9
4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæði og forvarnir .....	9
4.4 Samstarf .....	10
4.5 Fangageymslur .....	11
4.6 Önnur verkefni lögreglu .....	11
<b>5. RANNSÓKN BROTA</b> .....	12
5.1 Auðgunarbrot .....	12
5.2 Fíkniefnabrot .....	12
5.3 Ofbeldisbrot .....	12
5.4 Fjármunabrot .....	13
5.5 Sérrefsilagabrot, slysa – og brunarannsóknir .....	13
5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum .....	13
<b>6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR</b> .....	13
6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála .....	13
6.2 Sektargerðir .....	14
<b>7. FJÖLDI BROTA 2011-2013 – YFIRLIT</b> .....	14
7.1 Umferðarlagabrot .....	14
7.2 Fjöldi umferðarslysa .....	15
7.3 Sérrefsilagabrot .....	15
7.4 Haldlögð fíkniefni .....	16
7.5 Hegningarlagabrot .....	17
<b>8. ANNAÐ</b> .....	18
<b>9. REKSTUR</b> .....	19

## 1. INNGANGUR

Þegar þetta er skrifað er að baki stormasamur vetur með snjóalögum og erfiðri vetrarfærð í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Stórvirkar vegaframkvæmdir standa yfir í Kjálkafirði og Mjóafirði í Barðastrandarsýslu en eðlilegt og nauðsynlegt viðhald þjóðvega hefur á sama tíma mátt sitja á hakanum.

Vetrarþjónusta Vegagerðar hefur ekki verið nægjanleg en stendur þó til bóta því samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður tekin upp sjö daga vetrarþjónusta á vestfirskum vegum í haust í stað sex daga þjónustu undanfarinna ára.

15 einstaklingar létust í umferðarslysum hér á landi árið 2013, þar af einn í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum. Til samanburðar létust 9 einstaklingar í umferðarslysum árið 2012. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu notuðu margir þeirra sem létust í þessum slysum ekki öryggisbelti.

Í skýrslu um umferðarslys á Íslandi árið 2013 sem Samgöngustofa gaf út í mars á þessu ári stendur á einum stað, þar sem fjallað er um fjölgun banaslysa í umferðinni á milli ára, eftirfarandi:

*„Árið 2013 var ekki gott samanborið við allra síðustu ár. Mikill og góður árangur hefur náðst í umferðaröryggismálum síðustu ár og er því niðurstaða ársins 2013 vonbrigði og úr takti við þá þróun sem sést hefur síðustu ár. Ljóst er að staldra þarf við, athuga hvað hefur farið úrskaiðis og bæta úr þar sem þarf.“*

Undarleg lesning en þrátt fyrir bestu aðstæður til aksturs enda margar ökuferðir hörmulega og oft ekki við annan að sakast en ökumanninn sjálfan.

Akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna er dauðans alvara.

Sýnileiki lögreglu, markviss og jákvæður áróður, áherslu- og upplýsingaskilti og fjölgun hraðamyndavéla á landsvísu er eitthvað sem huga þarf miklu betur að. Þannig voru 18 stafrænar myndavélar virkar hér á landi árið 2013. Þessar myndavélar eru skammarlega fáar og þá sérstaklega við fjölförnustu þjóðvegi utan þéttbýlis.

Bætt vegakerfi, sbr. tvöföldun Reykjanesbrautar, hefur sannarlega aukið á öryggi vegfarenda.

Embættið var rekið innan fjárheimilda árið 2013.

Þakka ég lögreglumönnum fyrir þeirra störf og fyrir að vera liðsmenn í framsæknu lögregluliði.

Þessari skýrslu er ætlað að veita tölfraðiupplýsingar. Skýrslan er ekki gefin út í prentuðu formi en er aðgengileg á heimasíðu lögreglunnar á Vestfjörðum á lögregluvefnum, vefslóðinni: [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is).

Hlyni Hafberg Snorrasynti, yfirlögregluþjóni, þakka ég fyrir aðstoðina við gerð þessarar skýrslu.

Ísafirði, 14. maí 2014.

Úlfar Lúðvíksson,

lögreglustjóri á Vestfjörðum.

## 2. SKIPURIT



Frá 1. janúar 2011 hefur ofangreint skipurit verið lýsandi fyrir starfsemi embættisins og var nýtt skipurit áritað um staðfestingu af innanríkisráðherra þann 18. september 2013.

## 3. LÖGREGLUEMBÆTTIÐ

### 3.1 Áherslur, starfsmannahald og endurmenntun

18 lögreglumenn voru við störf hjá embættinu árið 2013 eða sami fjöldi lögreglumanna og árið 2012. Skipting lögreglumanna milli varðstöðva:

**Patreksfjörður:**

4 lögreglumenn og aðstoðaryfirlögregluþjónn.

**Hólmavík:**

1 lögreglumaður og varðstjóri.

**Ísafjörður:**

4 lögreglumenn, 4 varðstjórar, lögreglufulltrúi, rannsóknarlögreglumaður og yfirlögregluþjónn.

Hluta ársins var lögregluliðið skipað eingöngu lögreglumönnum með próf frá Lögregluskóla ríkisins. Þá voru 3 konur í liðinu eða 17% liðsafla.<sup>1</sup>

Tafla 1. Fjöldi starfandi lögreglumanna 2011-2013

	2011	2012	2013
Lögregluskólagentir	14	14	17
Ekki með próf frá lögregluskóla	4	4	1
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>18</b>	<b>18<sup>2</sup></b>

Síðastliðið sumar voru ráðnir 6 afleysingamenn til starfa. Einn þeirra var með próf frá Lögregluskóla ríkisins en auglýst var sérstaklega eftir fagmenntuðum lögreglumönnum.

Eins og áður segir eru lögreglumenn á þremur varðstöðvum. Ófærir vegir og langar vegalengdir milli varðstöðva gera samskipti innan liðsins erfið yfir vetrarmánuðina, sérstaklega milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar. Reynt var að nýta tækifæri sem gáfust til að þetta hópinn og gefa lögreglumönnum kost á að hittast og vinna saman og kynnast betur. Þannig voru þrjú lögreglumenn á Patreksfirði fengnir til að manna vaktir á Ísafirði vegna manneklu á árstíma þegar ófært var yfir Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði og þurftu lögreglumenn ýmist að aka lengri leiðina um Þröskulda og Steingrímsfjarðarheiði til og frá Patreksfirði eða nýta sér flugsamgöngur með viðkomu í Reykjavík.

1. febrúar 2013 var lögreglumaður skipaður í starf rannsóknarlögreglumanns í rannsóknadeild en deildin hafði ekki verið fullmönnuð um nokkurt skeið vegna sparnaðaðgerða yfirstjórnar.

Þá var einn lögreglumaður skipaður varðstjóri á árinu.

Nemi í lögregluskóla ríkisins kom í starfsnám til lögreglunnar á Vestfjörðum á árinu og lauk síðan námi frá skólanum í desember sl.

<sup>1</sup> Sjá nánar í töflu 1.

<sup>2</sup> Þann 1. febrúar 2013 var allt liðið skipað lögreglumönnum með lokapróf frá Lögregluskóla ríkisins. Þann 1. júní hvarf einn þeirra til starfa hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og þurfti eftir það að manna eina stöðu með ófaglærðum manni.



Myndin hér að ofan var tekin við útskrift hjá Lögregluskóla ríkisins í desember 2013. Þessir vörpulegu lögreglumenn tengjast allir lögreglunni á Vestfjörðum. Talið frá vinstri: Zvezdan Smári Dragojlovic, Ágúst Gunnarsson og Þórir Guðmundsson. Zvezdan Smári starfaði sem héraðslögreglumaður á Ísafirði áður en hann hóf nám við Lögregluskóla ríkisins. Ágúst er frá Patreksfirði og starfaði þar sem afleysingamaður hjá lögreglunni og Þórir hafði starfað hjá lögreglunni á Ísafirði um tveggja ára skeið áður en hann hóf nám við lögregluskólann. Aðrir á myndinni eru Hlynur Steinn Þorvaldsson, Ólafur Jón Jónsson og Hlynur H. Snorrason.

Embættið hefur stefnt að því að bæta menntun og þjálfun lögreglumanna og að tryggja sem bestan aðbúnað á hverjum tíma.

19. febrúar 2013 stóð embættið fyrir sérstökum æfingadegi á Ísafirði og tók á leigu í því skyni húsnæði Björgunarfélags Ísafjarðar, Guðmundarbúð, hér á Ísafirði. Vegna ófærðar yfir Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði var aðeins hægt að veita lögreglumönnum sem starfa á Ísafirði og Hólmavík þjálfun þennan dag. Lögreglumenn á Hólmavík voru mættir og allir lögreglumenn á Ísafirði. Hópnum var skipti í þrennt og fór hver hópur í gegnum sömu þjálfunarbætti. Æfðar voru lífsbjargandi aðgerðir þar sem áhersla var lögð á notkun hjartastuðtækja, hjartahnoð, öndunaraðstoð og losun aðskotahluta úr hálsi. Varðstjóri og lögreglumaður í liðinu tóku að sér þessa þjálfun en þeir hafa sótt námskeið fyrir neyðarflutningamenn og hafa nokkra reynslu af sjúkraflutningum en æfingatæki komu frá Rauða krossi Íslands. Farið var yfir SÁBF aðferðafræði er lýtur að vettvangsstjórn aðgerða en lögreglufulltrúi frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra kom vestur og leiðbeindi mönnum. Að lokum var farið yfir handtökuæfingar undir handleiðslu tveggja lögreglumanna í liðinu. Í maí 2013 var haldin sambærileg æfing fyrir lögreglumenn á varðstöðinni á Patreksfirði.



Frá æfingadeginum 19. febrúar

Dagana 10. og 11. apríl 2013 komu saman í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp fjórir lögreglumenn frá sérsvait ríkislögreglustjóra og einn bráðatæknir frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og allir lögreglumenn á starfsstöðinni á Ísafirði, auk lögreglustjóra, eða alls 17 manns. Tilfnið var að æfa viðbrögð lögreglu við vopnaútkalli. Á sama tíma hófst vinna við gerð viðbragðsáætlunar vegna slíkra útkalla með áherslu á vopnaða árás í framhaldsskóla.

Í maí 2013 höfðu allir lögreglumenn í lögreglunni á Vestfjörðum lokið AMF námskeiði (forgangsakstur) Lögregluskóla ríkisins.

Í sama mánuði sat öryggistrúnaðarmaður lögreglunnar á Vestfjörðum sérstakt trúnaðarmannanámskeið á Ísafirði.

Á vormánuðum 2013 sótti yfirlögregluþjónn námskeið hjá Lögregluskóla ríkisins fyrir tilsjónarmenn lögreglunema í starfsnámi, en þá lá ljóst fyrir að einn nemandi hafði sótt um að fá að koma vestur í starfsnám.

Í maí 2013 þreyttu 16 af 18 lögreglumönnum árlegt þrekpróf. Tveir starfsmenn frá Lögregluskóla ríkisins komu vestur og tóku mannskapinn í próf. Allir stóðust þrekprófin með þryði. Þeir tveir lögreglumenn sem ekki fóru í þrekpróf höfðu nýlega gengist undir aðgerðir og var próftöku þeirra frestað af þeim sökum.

Í maí kom sérsvaitarmaður frá ríkislögreglustjóra til að þjálfa lögreglumenn á Ísafirði í notkun riffils í eigu lögreglunnar á Vestfjörðum en riffill þennan skal nota ef skjóta þarf ísbirni.

Á árinu sátu lögreglufulltrúi, rannsóknarlögreglumaður og löglærður fulltrúi lögreglustjóra viðamikil námskeið hjá Lögregluskóla ríkisins þar sem farið var í rannsóknir kynferðisbrota, með sérstaka áherslu á brotum gegn börnum.

### 3.2 Tæki og búnaður

Embættið festi kaup á þremur æfingabyssum af gerðinni Glock. Æfingar og viðbrögð við hugsanlegum skotárásum verða allar markvissari og raunverulegri með slíkum búnaði. Einnig voru keyptar tvær varnargrímur en sérstök litaskot eru notuð við æfingar með þessum byssum. Keyptar voru 20 æfingadýnur sem notaðar verða á handtöku- og sjálfsvarnaræfingum. Tveir skotskildir voru keyptir og er nú einn skotskjöldur á hverri varðstöð í umdæmi lögreglu. Þá voru keyptar 5 fullkomnar myndavélar sem lögreglumenn geta fest á yfirhafnir sínar við störf.

Lögglumenn á öllum varðstöðvum hafa aðgang að þessum vélum. Er horft til þess að lögglumenn geti á einfaldan hátt tekið upp atvik eða samskipti á vettvangi en slíkar upptökur geta haft sönnunargildi í sakamálum og verið til varnar lögglumönnum sjálfum við störf. Sömu reglur gilda um notkun þessara véla og gilda um Eye witness búnað í lögglubílum. Vélnar voru keyptar milliliðalaust frá erlendum söluaðila.

Fíkniefnaleitarhundur hefur ekki verið í liðinu frá því í nóvember 2011 er embættið lét frá sér hundinn Dollar. Var það gert í sparnaðarskyni. Fíkniefnaleitarhundur hefur verið fenginn vestur til aðstoðar við stærri viðburði en slíkt er kostnaðarsamt og óhentugt.

Sem fyrr er lögglan á Vestfjörðum með eina lögglubifreið á Hólmavík, tvær á Patreksfirði og tvær á Ísafirði. Að auki hafa starfsmenn rannsóknadeildar ómerkta bifreið til afnota. Þörf er á að skipta út bifreið fyrir Patreksfjörð.

### 3.3 Önnur mál

Embættið greiddi árskort í líkamsrækt fyrir lögglumenn en í því felst hvatning til þeirra að stunda reglulega líkamshjálfun og heilbriggt lífni. Þá áttu lögglumenn kost á flensusprautu þeim að kostnaðarlausu.



Mynd tekin í Önuðarfirði

*Ingvar Jakobsson*

## 4. ALMENN DEILD

Eins og áður hefur komið fram var allt liðið skipað fagmenntuðum lögglumönnum frá og með 1. febrúar 2013 þegar þrjú nýútskrifaðir lögglumenn komu til starfa, einn á varðstöðina á Patreksfirði og tveir á varðstöðina á Ísafirði. Þetta breyttist um mánaðamótin maí/júní þegar einn lögglumaður fluttist milli embætta til lögglu-stjórans á höfuðborgarsvæðinu. Frá þeim tíma hefur það markmið ekki náðst að hafa einungis fagmenntaða lögglumenn við störf.



#### 4.1 Almanna- varnir

Sex almanna- varnanefndir eru í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Ein þeirra er fyrir Bolungarvík, önnur sameiginleg fyrir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurrepp, þriðja fyrir Reykhólahrepp, sú fjórða fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp og loks eru tvær í Strandasýslu. Lögreglustjóri hefur hvatt til þess að nefndum þessum verði fækkað og sveitarfélög sameini almanna- varnanefndir umfram það sem nú þegar er orðið.

Í umdæmi lögreglustjóra eru fjórir flugvellir fyrir áætlanaflyg og segja má að árlega fari fram reglubundnar flugslysaæfingar á einum þessara valla þar sem æfð eru viðbrögð við flugslysum. Þann 28. september 2013 fór fram flugslysaæfing á Ísafjarðarflugvelli á vegum ISAVIA í samstarfi við ríkislögreglustjóra, lögreglustjóra og björgunarsveitir. Viðbragðsáætlanir eru til fyrir þessa fjóra flugvelli, þ.e. Ísafjarðarflugvöll, Þingeyrarflugvöll, Bíldudalsflugvöll og Gjögurflugvöll.

Á árinu mæddi lítið á almanna- varnarmálum á Vestfjörðum, þó reyndi á almanna- varnir í Vesturbyggð og á norðanverðum Vestfjörðum í byrjun árs og í lok árs vegna snjóflóðahættu sem skapaðist ofan byggða. Gerðar voru viðeigandi ráðstafanir til að tryggja almannahagsmuni. Samstarf lögreglu við fulltrúa í almanna- varnanefndum sveitarfélaga, almanna- varnadeild ríkislögreglustjóra, Veðurstofu og Vegagerð er með ágætum. Vegna snjóflóðahættu í umdæmi lögreglu er náið samstarf við starfsmenn Snjóflóðaseturs á Ísafirði sem vinna mikið og gott starf að mati lögreglu.

#### 4.2 Umferðarmál

Ísafjarðarbær vann að nýrri umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið og kom lögreglan að þeirri vinnu að nokkru leyti. Gaman er að geta þess að Ísafjarðarbær fékk fyrrverandi yfirlögregluþjón, Önnur Jónsson, til að leggja til sérfræðivinnu við áætlunina og miðlaði hann af mikilli reynslu. Umferðareftirliti var sinnt sem endranær en mætti vera mun meira. Umferðareftirlit var hert í aðdraganda og við lok stærri viðburða í umdæminu á árinu 2013.

Nokkrar einbreiðar brýr eru í umdæminu. Þá vantar töluvert upp á að allir þjóðvegir séu með bundnu slitlagi og hluti vega er ekki með fullri breidd þó vegir séu bundnir slitlagi. Af þessu má hafa áhyggjur en gera má ráð fyrir því að þeim ferðamönnum fjölgi sem leggja leið sína vestur á firði á komandi árum.

Á árinu 2013 ók lögreglan á Vestfjörðum 138.354 kílómetra en til samanburðar voru eknir 267.802 kílómetrar árið 2007 en dregið hefur verulega úr umferðareftirliti síðustu ár í kjölfar niðurskurðarkrafna fjárveitingavaldsins. Brýnt er að fjárhagslegt svigrúm skapist í rekstri embættisins til að geta sinnt betur þessum veigamikla þætti löggæslunnar.

#### 4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæðisvinna og forvarnir

Löggæsla var eflað yfir páskahegina á Ísafirði er mikill fjöldi gesta sótti Ísafjörð heim eins og endranær þessa helgi. Tveir viðburðir eru þar fyrirferðarmestir. Annars vegar „Skíðavikan á Ísafirði“ og hins vegar rokktonleikarnir „Aldrei fór ég suður“, en tónleikarnir standa yfir í tvö kvöld og eru vinsælir og fjölmennir. Auk allra tiltækra lögreglumanna á Ísafirði voru fengnir tveir lögreglumenn til aðstoðar sem starfa hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þá kom yfirhundaþjálfari hjá ríkislögreglustjóra-embættinu með fíkniefnaleitarhund á svæðið. Ætla má að um 3000 manns hafi verið á Ísafirði um páskana í fyrra.

Í tilefni árlegs hátíðahalds á Patreksfirði um sjómannadagshelgina var lögreglumönnum á Patreksfirði fjölgað tímabundið. Yfirlögregluþjónn hafði yfirumsjón með löggæslunni en liðsauki barst frá Ísafirði og frá sérsveit ríkislögreglustjóra. Þá kom lögreglumaður frá Borgarnesi með fíkniefnaleitarhund.

Margmenni var á Ísafirði um síðustu verslunarmannahelgi en þá fer svokallaður Mýrabolti fram í Tungudal. Þátttakendur voru um 1600 að þessu sinni og má ætla að þeim fylgi nokkur hópur áhorfenda. Tveir lögreglumenn sem starfa í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu komu til aðstoðar lögreglu þessa helgi. Þá kom lögreglumaður á vegum ríkislögreglustjóra með fíkniefnaleitarhund til Ísafjarðar þessa helgi.

Fyrirnefndir viðburðir eru einna fyrirferðarmestir hjá lögreglunni á Vestfjörðum á hverju ári. Þá halda flest byggðarlög sínar bæjarhátíðir sem kalla á meiri löggæslu og útköllum lögreglu fjölgar yfirleitt þá daga sem slíkar hátíðir standa yfir.

Forvarnarstarf var ekki skipulagt með sérstökum hætti árið 2013 en lögregla tók vel í beiðnir skólayfirvalda og annarra um að halda fundi. Lögreglan er þannig ávallt tilbúin til að halda fyrirlestra um umferðaröryggismál, vímuefnaforvarnir og önnur þau mál sem lögregla getur stutt.

Frá árinu 1996 hefur Hlynur H. Snorrason, yfirlögregluþjónn, verið verkefnastjóri vímuefnaforvarnahópsins Vá Vest en í þessum hópi starfa sérfræðingar hver á sínu sviði. Markmið hópsins er að vinna að vímuefnaforvörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Reynt er að styrkja ungmenni á unglingsstigi grunnskóla og á framhaldsskólastigi, efla sjálfsmynd þeirra og sjálfsmat og fá ungmenni til að sýna sjálfstæði í hugsun og standa við jákvæðar og farsælar ákvarðanir sem þau taka.

#### 4.4 Samstarf

Eins og fram kemur í skýrslu þessari hefur lögreglan á Vestfjörðum átt gott samstarf við nefndamenn í almannavarnanefndum í umdæminu. Mest hefur þó reynt á almannavarnir í Vesturbyggð og á norðanverðum Vestfjörðum. Þá má nefna gott samstarf við björgunarsveitir og þá sérstaklega við svæðisstjórnir björgunarsveita. Traust og gott samstarf er við starfsmenn Snjóflóðaseturs Veðurstofu Íslands á Ísafirði sem og aðra starfsmenn Veðurstofunnar en í ár reyndi á samstarfið í tengslum við hættu á ofanflóðum.

Gott samstarf er við sveitarfélögin á Vestfjörðum. Sérstaklega má geta samstarfs við starfsmenn barnaverndaryfirvalda í Vesturbyggð, Hólmavík og á Ísafirði. Má geta þess að vikulega á barnaverndarstarfsmaður á Ísafirði fund með lögreglu varðandi afskipti lögreglu af ólögráða einstaklingum og öðrum málum sem tengjast málefnum ungmenna.

Rétt er að geta ánægjulegs samstarfs við Landhelgisgæslu Íslands en lögreglumenn hafa átt þess kost að fara í eftirlitsflug með þyrllu gæslunnar.

Lögreglustjóri sótti árlegan samráðsfund með Landhelgisgæslunni sem haldinn var í aðstöðu hennar á Keflavíkurflugvelli í júní 2013.

Þá má nefna gott samstarf við embætti ríkislögreglustjóra en embættið tók vel í allar beiðnir um aðstoð á árinu.

Ríkissaksóknari fundaði með yfirstjórn embættisins í október hér á Ísafirði og var sá fundur ánægjulegur og gagnlegur.

Nefna má gott samstarf við lögregluna í Borgarnesi og Dölum en oft koma upp atvik sem kalla á náið samstarf og samvinnu lögreglumanna á Hólmavík og í Búðardal.

Loks má geta góðs samstarfs við Vegagerðina á Vestfjörðum. Reynir á samstarf vegna ófærðar á þjóðvegum og snjóflóðahættu sem oft er samfara mikilli ofankomu.

#### 4.5 Fangageymslur

Tafla 2. Fjöldi handtaka og fangavistana árin 2011-2013

	2011	2012	2013
<b>Handtökur</b>	54	97	118
Fjöldi handtaka <sup>3</sup>	54	97	118
Fjöldi einstaklinga	48	76	95
<b>Fangavistanir</b>	39	60	70
Fjöldi fangavistana	39	60	70
Fjöldi einstaklinga	32	50	59

#### 4.6 Önnur verkefni lögreglu

Á árinu 2013 voru send út sektarboð fyrir 15.000.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til veitts afsláttar. Staðfestir voru 243 punktar í ökuferilsskrá ökumanna og samtals voru ökumenn sviptir ökurétti í 396 mánuði vegna umferðarlagabrota.

Tafla 3. Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2011-2013

	2011	2012	2013
Birtingar (ákæru, fyrirköll, dómar, afplánunarbref o.fl.) <sup>4</sup>	103	119	123
Útsend sektarboð	339	343	393
Dómsárituð sektarboð	14	16	6
<b>Samtals</b>	<b>456</b>	<b>478</b>	<b>522</b>

<sup>3</sup> Sjá nánar í skjalinu „Leiðbeiningar vegna ársskýrslu“

<sup>4</sup> Sjá nánar í skjalinu „Leiðbeiningar vegna ársskýrslu“



Flatey á Breiðafirði.

*Jónas Sigurðsson*

## **5. RANNSÓKN BROTA**

Frá árinu 1997 hafa lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumáður starfað í rannsóknadeild embættisins og er lögreglufulltrúinn yfirmaður deildarinnar. Rannsóknadeildin sinnir þeim verkefnum sem kveðið er á um í reglugerð nr. 192/2008, auk tilfallandi verkefna sem lögreglustjóri ákveður. Umdæmi lögreglunnar er stórt og getur reynt á samvinnu lögreglumanna á þremur varðstöðvum í umdæminu. Starfsmenn deildarinnar eru öðrum lögreglumönnum til halds og trausts við rannsókn mála og taka við málum frá almennri deild til frekari rannsókna. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra brotaflokka sem komu til meðferðar hjá rannsóknadeild lögreglunnar á Vestfjörðum á árinu.

### **5.1 Auðgunarbrot**

Auðgunarbrot hafa ekki verið færri á þriggja ára tímabili, eða samtals 43 en voru um 70 árin 2012 og 2011. Engin einhlít skýring er á þessari fækkun.

### **5.2 Fíkniefnabrot**

Sem fyrr hefur lögreglan á Vestfjörðum reynt að sporna við sölu, dreifingu og neyslu fíkniefna í umdæminu og haft gætur á þeim einstaklingum sem upplýsingar liggja fyrir um að tengjast fíkniefnaneyslu.

Eins og fram kemur í yfirliti, sjá í töflu 8 og 9 hér að neðan, voru haldlagningar 44 á árinu og var m.a. lagt hald á rúmlega 300 grömm af kannabisefnum. Helming þess magns fann lögreglan í húsleit í heimahúsi á Ísafirði í júlímánuði.

### **5.3 Ofbeldisbrot**

Líkamsárásarmálum fækkaði á milli ára en kynferðisbrotamálum fjölgaði hins vegar mikið, eða úr 13 (árið 2012) í 24. Mikil og öflug fjölmiðlaumræða hefur örugglega haft áhrif á að fleiri þolendur kynferðisbrota stigu fram og lögðu fram kærur vegna kynferðisbrota á árinu.

## 5.4 Fjármunabrot

Fjöldi fjármunabrota var svipaður og síðustu ár.

## 5.5 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir

Í maímánuði 2013 var lögreglu tilkynnt um að líkamsleifar hafi fundist í Kaldbaksvík á Ströndum. Við rannsókn málsins naut lögreglan á Vestfjörðum aðstoðar kennslanefndar á vegum ríkislögreglustjóraembættisins (ID). Hinn látni reyndist vera skipverji sem fallið hafði útbyrðis af togara sem hafði verið á siglingu djúpt út af Húnaflóa í desember árið 2012.

Í byrjun júnímánaðar 2013 voru björgunarsveitir og þyrila Landhelgisgæslu Íslands kallaðar út til leitar í Ísafjarðardjúpi að ungri erlendri konu sem hafði farið í göngu frá Heydal í Mjóafirði. Konan fannst hrakin um 30 klukkustundum eftir að leit hófst, uppi á hálendinu milli Mjóafjarðar og Skötufjarðar. Um 150 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni og komu leitarmenn víða að. Leitarhundar voru notaðir við leitina og Svæðisstjórn björgunarsveita á norðanverðum Vestfjörðum virkjuð. Þegar aðgerðum var lokið komu björgunarsveitarmenn á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum saman til rýnisfundar á Þingeyri ásamt lögreglu og var það álit fundarmanna að erfiðar og umfangsmiklar björgunaraðgerðir hefðu gengið vel.

Í júnímánuði varð banaslys í Skötufirði þegar ökumaður bifreiðar missti stjórn á bifreið sinni sem hafnaði utan vegar með þeim afleiðingum að ökumaðurinn lést. Einn farþegi var í bifreiðinni og slasaðist hann ekki alvarlega. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að ökumaður hafði ekki verið í öryggisbelti.

Þann 20. júlí vaknaði grunur um að skipstjóri á dagróðrabáti sem staddur var við mynni Ísafjarðardjúps væri undir áhrifum áfengis. Vaktstöð siglinga (LHG) hafði samband við skipstjórann og hvatti hann til að sigla til hafnar en hann varð ekki við því og gerði sig líklegan til að halda ferð sinni áfram. Þyrila gæslunnar flaug vestur og hafði viðkomu á Ísafirði og tók lögreglumann um borð og seig hann ásamt einum áhafnarmeðlimi þyrlunnar um borð í bátinn. Skipstjórinn, sem reyndist mjög ölvaður, var handtekinn og var bátnum siglt til hafnar í Bolungarvík.

## 5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum

Þremur málum tókst að beina í sáttamiðlunarferli á árinu. Lögreglan á Vestfjörðum sér tækifæri felast í þessu úrræði og hvetur málsaðila til að reyna þessa lausn, svo fremi að öll lagaskilyrði séu fyrir hendi.

## 6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR

### 6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála

Ákærur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 66/2006, um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, og annast lögreglustjóri og löglærður fulltrúi hans flutning mála fyrir héraðsdómi. Málsmeðferðarhraði er almennt góður þótt ekki hafi tekist í öllum tilvikum að halda í við tímamörk samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara. Lögreglan leitast við að auka skilvirkni í rannsóknum sakamála.

**Tafla 4.** Fjöldi ákæra árin 2011-2013

	2011	2012	2013
Fjöldi brota í ákæru *	54	127	61
Fjöldi ákæra**	33	58	38

\*Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot. \*\*Fjöldi útgefina ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

## 6.2 Sektargerðir

Með auknum heimildum lögreglustjóra til að ljúka málum með sektargerð, í stað þess að gefa út ákæru, hefur fleiri málum verið lokið með þessum hætti. Yfirleitt má segja að málsmeðferðartími styttest þegar sektargerðir eru samþykktar af brotarmönnum. Ef sektargerð er hins vegar ekki samþykkt þarf lögreglustjóri að fella hana niður og gefa út ákæru sem hefur áhrif á málsmeðferðartímann.

**Tafla 5.** Fjöldi útsendra sektargerða árin 2011-2013

	2011	2012	2013
Útsendar sektargerðir <sup>5</sup>	48	58	70

## 7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2007-2013

Í eftirfarandi töflum eru upplýsingar um fjölda og tegund brota í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum á ákveðnu tímabili. Tölur fyrir árinu 2011 og 2012 eru staðfestar tölur frá embætti ríkislögreglustjóra.

### 7.1 Umferðarlagabrot

Umferðarlagabrotum fjölgar um 11,7% á milli ára. Kærum vegna hraðaakstursbrota fjölgar stórlega eða um 44%. Eins og tafla 6 sýnir voru ölvunar- og fíkniefnaakstursbrot nokkuð fleiri árið 2013 en árið á undan.

**Tafla 6.** Fjöldi umferðarlagabrota árin 2007-2013

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Umferðarlagabrot alls	788	824	458	454	436	521	582
Of hraður akstur. Tilgreindur hraði (að undanskildum brotum sem stafrænar hraðamyndavélar taka)	441	477	260	253	204	154	222
Ölvun við akstur	34	33	24	24	15	22	27
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	7	37	7	15	11	28	31

## 7.2 Fjöldi umferðarslysa

Eitt banaslys varð í umdæminu á árinu.

Tafla 7. Fjöldi umferðarslysa árin 2007-2013

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Samtals	38	46	37	29	38	29	26
Banaslys	2	1	1	0	0	1	1
Slys með alvarlegum meiðslum	8	6	5	9	2	5	3
Slys með minniháttar meiðslum	27	39	31	20	36	23	22

## 7.3 Sérrefsilagabrot

Sérrefsilagabrotum fækkaði nokkuð árið 2013 miðað við síðustu tvö ár, sbr. töfluna hér að neðan. Munar þar mestu um fjölgun fíkniefna- og áfengislagabrota.

Tafla 8. Fjöldi sérrefsilagabrota árin 2007-2013

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Sérrefsilagabrot alls	70	96	66	113	112	172	136
Áfengislagabrot	11	11	12	11	21	36	18
Fíkniefnabrot	22	35	18	17	15	47	50



Skutulsfjörður

*Ingvar Jakobsson*

## 7.4 Haldlögð fíkniefni

Lagt var hald á mun meira magn af fíkniefnum árið 2013 en á árið á undan. Heimur fíkniefna er mjög breytilegur en nærvera eða fjarvera örfárra dagneytenda getur haft mikil áhrif á markaðinn á litlu markaðssvæði.

**Tafla 9.** Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á árin 2011 til 2013. Miðað er við embætti í málsnúmeri.

Tegund	Nánar	2011			2012			2013		
		Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass				14	26,3				
Kannabis	Marihuana	6	101,0					25	303,6	
Kannabis	Blandað	4	1,41							
Kannabis	Plöntur	1	0,41							
Ofskynjun	Sveppir									
Örvandi	E-pillur				1	0,1		3	0,2	2
Örvandi	Kókaín							1	6,3	
Örvandi	Amfetamín	1	1,05					15	9,6	
Ripp fuel/	Efedrín töflur									
Óþekkt	Óskilgr.	4	73,69							
<b>Samtals</b>		16	177,6		15	26,4		44	319,7	2



## 7.5 Hegningarlagabrot

Eins og taflan hér að neðan sýnir fækkaði hegningarlagabrotum í umdæminu árið 2013.

Tafla 10. Fjöldi hegningarlagabrota árin 2011-2013

	2011	2012	2013
<b>Hegningarlagabrot alls</b>	197	210	184
Par af:			
Auðgunarbrot	68	70	43
Innbrot	11	17	5
Þjófnaður	51	43	32
<b>Manndráp og líkamsmeiðingar alls</b>	26	24	20
Par af:			
Manndráp (211. gr.)	0	0	0
Líkamsrásir (217. gr.)	23	20	16
Líkamsrásir (218. gr.)	3	4	3
<b>Kynferðisbrot alls</b>	4	13	24
<b>Eignaspjöll alls</b>	60	57	53



Patreksfjörður

*Jónas Sigurðsson*

## 8. ANNAD

Vegabréfaskoðun er eitt fjölmargra verkefna lögreglunnar í umdæminu. Skipakomum fjölga og munar mestu um skemmtiferðaskipin en þau voru 38 árið 2013. Þannig voru skráningar undir liðnum „eftirlit með útlendingum“ í LÖKE 11 á árinu 2013. Í nær öllum þessum tilvikum var um að ræða vegabréfaskoðun áhafna og farþega skipa sem höfðu viðkomu í höfnum umdæmisins. Gert er ráð fyrir 48 skemmtiferðaskipum árið 2014 með um 47 þúsund farþegum. Í nokkrum tilvikum hafa þessi skip verið að koma í fyrstu höfn á Íslandi hér á Ísafirði og í einstaka tilvikum hefur verið skipt um áhafnir og farþega þessara skipa. Með þessum skipum þarf lögregla og tollgæsla að hafa hefðbundið eftirlit.

Hornstrandafriðlandið er í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Í ársskýrslu Hornstrandastofu fyrir árið 2012 kemur m.a. fram að það ár hafi um 6000 ferðamenn komið inn á svæðið.<sup>6</sup> Þar af voru um helmingur erlendir ferðamenn. Búast má við fjölgun ferðamanna næstu árin. Á hverju ári þurfa viðbragðsaðilar að bregðast við og aðstoða eða hafa afskipti af fólki í friðlandinu. Nánast ekkert símasamband er á svæðinu og samgöngur torveldar. Yfirvöld og ferðaþjónustuaðilar þurfa að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja betur öryggi fólks.

Á haustmánuðum sóttu yfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi sérstakt málþing sem haldið var á vegum velferðarráðuneytisins í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem fjallað var um kynferðislegt ofbeldi.

Yfirlögregluþjónn og lögreglustjóri komu að forvarnafyrirlestri um vímuefni sem haldinn var sl. haust fyrir foreldra nemenda í tveimur yngstu árgöngum Menntaskólans á Ísafirði.

Árið 2013 sótti yfirlögregluþjónn opinn fræðslufund á vegum SÁÁ hér á Ísafirði. Í framhaldi af þessum fundi gafst lögreglu tækifæri á að ræða við fulltrúa samtakanna um samskipti þeirra við lögreglu og þau tilvik rædd þegar einstaklingar sem lögregla hefur afskipti af vilja nýta sér þau meðferðarúræði sem geta verið í boði.

---

<sup>6</sup> <http://www.hornstrandir.is/hornstrandanevnd/skyrslur/>

## 9. REKSTUR

Neðangreind tafla gefur glögga mynd af rekstri lögreglu árið 2013.

Tafla 11. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum 2012 og 2013

		2012	2013	Breyting %
<b>Tekjur</b>				
	Sértekjur	533.071	1.654.985	219,87
	Áfengisgjald			
		533.071	1.654.985	210,46
<b>Gjöld</b>				
<b>Laun</b>				
	Dagvinna	7.731.0794	78.383.989	1,38
	Vaktaálag	32.236.054	34.141.723	5,91
	Aukagreiðslur	8.332.024	8.035.880	3,55
	Yfirvinna	30.010.528	31.772.506	5,87
	Launatengd gjöld	34.734.938	35.465.640	2,10
		182.624.338	187.799.738	2,83
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>				
	Ferðir og fundir	1.898.928	1.549.569	3,49
	Rekstrarvörur	7.510.709	6.985.942	6,98
	Aðkeypt þjónusta	12.483.490	8.772.384	29,72
	Húsnæði	12.555.832	15.497.076	23,42
	Bifreiðar og vélar	19.724.523	21.711.245	10,07
	Afskrift krafna o.fl.			
	Eignakaup	797.220	551.303	30,84
	Skatt tilfærsla		60.165	
		54.970.702	55.137.584	0,30
		237.061.969	241.282.437	1,78
	Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(1.861.969)	8.217.563	
	Ríkisframlag	235.200.000	249.500.000	6,08
		237.061.969	241.282.437	1,78
	Gjöld umfram tekjur			
	<b>EIGIÐ FÉ</b>	806.120	9.023.683	1019,39